

Lagnaþjónusta Þorsteins

Tangasundi 3a

240 Grindavík

Kt : 540799-2539

Umsögn vegna máls nr 1130: breyting á ýmsum lögum um framhald á stuðningsaðgerðum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.

Í kjölfar atburða 10.nóv 2023 hefur starfsemi Lagnaþjónustu Þorsteins breyst algörlega. Hafa eigandur og starfsmenn þess verið við vinnu í Grindavík að laga lagnir og koma vatni á Grindavík og laga frárennsli og hitaveitu. Hefur starfsmennum fækkað vegna atburðanna frá því að vera 7-8 starfsmenn í 4 starfsmenn í dag vegna atburðanna.

Nú er komin upp sú staða að slíkri vinnu er lokið hjá Grindavíkurbæ og almannavörnum.

Fyrirtæki sem Lagnaþjónustan starfaði fyrir eru hætt starfsemi í bænum að mestu leiti og í kjölfar atburða er ekki óskað eftir vinnu við einbýli-fjölbýli eða eignir hjá einstaklingum enda flestir búnir að selja eignirnar til Þórkötlu.

Lagnaþjónustan var með parhús í byggingu í Fálkahlíð í Grindavík, þar er búið að staðfesta það að öll hús í nágrenni Fálkahlíðar séu skemmd (NTÍ) og eru sprungur við allar götur í kring um Fálkahlíð og nágrenni, Fálkahlíð 4-6 í Grindavík er í byggingu og er komið á byggingastig 2/fokhelt , ekki verður byggt frekar í Hlíðarhverfinu í Grindavík (Grindavíkurbær)

Eins og staðan er, þá er enginn rekstrargrundvöllur í Grindavík fyrir fyrirtæki að þessari stærð. Því hefur fyrirtækið ekki fjárhagslega getu til að halda úti verkstæði í Grindavík, Þess vegna er þörf á uppkaupum á húsnæðum fyrirtækisins til þess að geta byrjað starfsemi í nýju bæjarfélagi.

Við óskum því eftir stuðning ríkisins við uppkaup á eignum fyrirtækisins sem eru :

Fálkahlíð 4 L232841

Fálkahlíð 6 L233842

Tangasund 3a – 2283083

Þorlákshöfn 6-Maí 2024.

Með fyrirframbökk

f.h Lagnaþjónustu Þorsteins

Þorsteinn Einarsson